

10. Umboðsmaður skal annast um, að ítök og hlunnindi umboðsins eða jarða þess verði sem arðsömumust, og skal hann leggja uppástungur sínar þar að lútandi undir amtmanns úrskurð og samþykki, sjer í lagi ber honum að gjalda varhuga við, að ekkert gangi undan umboðinu eða þess einstöku jörðum. 14. sept. 188

11. Hann skal hafa brjefabók og rita þar í umboðsreikningana og öll brjef víkjandi umboðinu til amtmanns og annara, sömuleiðis skal hann vel varðveita skjala-safn umboðsins.

12. Hann skal hafa til launa sjöttung eða  $16\frac{2}{3}\%$  af öllum tekjum þeim, er hann heimtíur saman, og sem renna inn í umboðssjóðinn. Andvirði seldra þjóðjarða telst ekki með tekjum umboðsins og ber umboðsmanni ekkert endurgjald fyrir tekjumissi þann, er af slíkri sölu leiðir. Gjöld þau, er umboðsmaður kann að hafa við að leggja til nýjar bækur eða annað þessháttar, skal hann greiða af umboðslaunum sínum.

13. Sem ábyrgð fyrir gjaldheimtum umboðsins, skal hann skyldur að veðsetja landssjóðnum annaðhvort konungleg, ríkisskuldabjef, sem eru að upphæð 4000 kr. eða jarðir, er metnar verða af kunnugum dómkvöddum mönnum 4000 kr.

14. Vilji hann losast við umboð þetta, skal hann skila því í fardögum og segja því lausu með eins árs fyrirvara; með sama fresti áskilur landshöfðingi sjer rjett til að segja honum upp umboðinu.

15. Að öðru leyti á hann, hvað umboð þetta snertir, að breyta eptir lögum lands-ins og fyrirmælum amtmanns og landshöfðingja.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. september 1882.

Í fjarveru landshöfðingja.

Bergur Thorberg.

Jón Jónsson.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um skyldu prestekkna til að greiða heytoll. — Í brjefi frá 24. febrúar þ. á., hafid þjer, herra amtmadur, beðizt úrskurðar landshöfðingja um fyrirspurn prestsekkjunnar Kristjönu Páls-dóttur, hvort henni beri að greiða sóknarprestinum heytoll. Látið þjer í ljósi, að yður sje ekki kunnug nein lagaákvörðun, er heimili prestekkjum, sem grasnyt hafa, undanþágu undan því að greiða heytoll, og bendið jafnframt á opið brjef frá 22. marz 1826, er heimilar prestaefnum og ekkjum þeirra að eins undanþágu frá landssjóðsgjöldum; en beinlínis tekur fram, að þau sjeu hvorki undanþegin sveitargjöldum nje gjöldum til prests og kirkju. 19. sept. 189

Undireins og landshöfðingi meðtók þetta erindi yðar, beiddist hann álits stipts-yfirvaldanna um það, og eptir að jeg nú, með brjefi stipts-yfirvaldanna frá 9. þ. m. hefi meðtekið þetta álit, vil jeg tjá yður, herra amtmadur það, er á eptir fer til þóknanlegrar leiðbein-ingar og birtingar fyrir hlutadeiganda. Það hefir hingað til verið álit stipts-yfirvalda og bisk-ups, að prestsekkjur væru undanþegnar öllum gjöldum til prests og kirkju; hefir þetta verið byggt á því, að reglugjörð 17. júlí 1782 veitir þeim sama gjaldfrelsi, og menn þeirra hafa haft, og á því, að það hefir verið gömul regla, að andlegrar sjettar menn væru ekki gjaldskyldir til prests og kirkju (clerus clericum non decimat) og þetta álit hefir einnig komið fram í landsyfyrirjettardómi frá 18. desbr. 1871, er undanþiggur prests-ekkju frá að greiða kirkjutíund. Þótt menn nú vildu skilja svo lög frá 12. júlí 1878 (A. 6). að prestsekkjur við þau hefðu mist tíundarfrelsi af lausafje, sjá brjef landshöfðingja 12. apríl 1880 (B. 72), þá leiddi engan veginn þar af, að önnur gjöld til prests og kirkju,

**189** er prestsekkjur áður hafa verið undanþegnar, sju nú rjett tekin af þeim, og get jeg ekki  
 19. sept. verið yður, herra amtmaður, samdóma um, að slík undanþága þurfi beinnar lagaheimildar, nje um það, að fyrirmæli opins brjefs frá 22. marz 1826 um ekkjur prestaferða verði heimferð beinlínis eða óbeinlínis á ekkjur presta

Að öðru leyti er það vitaskuld, að spurningin um heytollaskyldu prestsekkna er dómsmál og sætir ekki fullnaðarúrlausn landshöfðingja.

**190** — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um lög-  
 21. sept. mæti sveitarstyrks. — Með brjefi dagsettu 1. septbr. 1880 hafð þjer, herra amtmaður staðfest úrskurð sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 11. desbr. 1878, er gjörir Leirár og Melahreppi að skyldu, að annast Sigurð nokkurn Þórðarson; sem nú er dáinn og fjölskyldu hans, að því leyti þau þyrftu sveitarstyrks, sem og að endurgjalda sveitarstyrk þann, er Sigurður þá hafði fengið í Skilmannahreppi, en þessum úrskurði yðar hefir hreppsnefndin í Leirár og Melasveit skotið til landshöfðingja, þareð hún álitur, að tjeður Sigurður hafi með dvöl sinni í Skilmannahreppi áunnið sjer þar sveitarframferzlu.

Fyrtjeður Sigurður var borinn og barnfæddur í Leirár og Melahreppi, en fluttist þaðan vorð 1867 að Gröf í Skilmannahreppi, og bjó þar síðan, uns hann dó sumarið 1879. Veturinn 1876—77 eður á tíunda árinu, er hann var í Skilmannahreppi fjekk hann þar af sveitarsjóði hálfu rúgtunnu eður 10 krónur, en aptur á hinn bóginn var honum einmitt sama árið, sem hann fjekk fyrtjeðar 10 krónur af sveitinu, gjört 35 króna útsvar til sveitar, er hann borgaði, eins og hann líka hjelt 2 sveitarómaga, er honum höfðu verið settir, og var annar þeirra táplítill og heilsuveikur unglíngur, er Sigurður hjelt fyrir sveitina frá vordögum 1868, þangaðtil hann dó 1878, 16 ára gamall. Loksins hefir Sigurður á lögregluþingi 18. júní 1878 skýrt frá því, að hann þegar hann þáði tjeðar 10 kr. af Skilmannahreppi, hafi átt hjá honum 1 vøtt og 1 rd. og 74 sk. er sveitin hafði ávísað honum upp í ómagameðgjöf hjá tveimur öðrum bændum, er ekki höfðu borgað þetta, og hefir hreppsnefnd Skilmannahrepps ekki borið á móti, að svo kynni að hafa verið, en haldið því fram, að úr því, að Sigurður tók þessar ávísanir gíldar á sinum tíma, þá gæti hann enga frekari kröfu gjört út af meðgjöfnni; en þetta er víst eigi rjett, því þótt maður taki á móti slíkum ávísunum upp á meðgjafir með sveitarómögum, þá leiðir þar af engan veginn, að maður áliti þær góðar og gíldar, eður að maður tapi rjetti sínum gegn hreppnum til meðgjafarinnar ef ávísunin eigi er borguð, heldur verður rjettur manns til að fá meðgjöfina borgaða af hreppnum, að standa með öllu óhaggaður, þótt ávísunin eigi sje borguð.

Af fyrtjeðum ástøðum verður eigi álitíð, að fyrnefndur 10 kr. styrkur, er Sigurður fjekk hjá Skilmannahreppi hafi verið sannur sveitarstyrkur (sjá reglugjörð 8. jan. 1834, 5. gr.) þar sem hann þá virðist hafa átt meira hjá hreppnum, og var gjört þeim mun meira sveitarútsvar, en styrknum svaraði, og hjelt sveitarómaga fyrir hreppinn.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, hefir Sigurður Þórðarson, þá er hann dó, verið orðinn sveitlægur í Skilmannahreppi, og er þannig úrskurður yðar, herra amtmaður, og sýslumannsúrskurður sá, er hann staðfesti, úr gíldi felldir.

Þetta vilduð þjer tilkynna hlutadeigendum.

#### EMBÆTTASKIPUN.

31. dag ágústmánaðar var stúdent Ásmundur Sveinsson skipaður umbodsmáður Arnarstapa- og Skógarstrandarjarða og jarðarinnar Hallbjarnareyrar.

30. september var presturinn að Fjallapíngum sira Pjetur Jónsson skipaður prestur að Presthólum (Presthóla og Ásmundarstaðasafnaða) frá fardögum 1883.